

Mál 12/2006 Álit 25. janúar 2007

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 25. janúar 2007 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-12/2006:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 17. nóvember 2006 bað álitsbeiðandi, hér eftir einnig nefndur X, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa varðandi kaup hans á ísskáp hjá Y. X taldi í upphafi að gagnaðili að ágreiningi hans vegna kaupanna væri fyrirtækið Z. Síðar var það leiðrétt og réttur gagnaðili er Y þar sem ísskápurinn var keyptur. Endanleg kröfugerð álitsbeiðanda er sú að hann fái nýjan skáp í stað þess sem hann keypti eða seljandi endurgreiði ísskápinn. Álitsbeiðandi telur ísskápinn vera gallaðan, eins og síðar verður lýst. Auk þess gerir álitsbeiðandi þá kröfu að Y greiði viðgerðarreikning að fjárhæð kr. 27.950,-.

II

Málsatvik

Hinn 27. ágúst 2003 keypti X ísskáp með sambyggðum kæli og litlum frysti af Y fyrir kr. 203.500,-. Í skápnum er og útbúnaður til þess að kæla vatn og frysta ís. Álitsbeiðandi segir að í fyrstu hafi heitt loft blásið inni í skápinn svo að allt sem í honum var hafi skemmst. Þetta hafi gerst 2-3 á ári. Þessi galli virðist hafa lagast með því að viðgerðamaður frá fyrirtækinu Z hafi skipt um rafeindabúnað. Samkvæmt reikningi, dags. 19. júní sl., skipti viðgerðamaðurinn um stýringu og gerði við klakavél. Reikningur þessi er að fjárhæð kr. 27.950,-. Álitsbeiðandi segir frystinn vera í ólagi sem lýsi sér í því að efri hluti hans sé iðulega hrímaður en klaki í botninum bráðni. Fyrir þremur mánuðum hafi viðgerðamaðurinn ætlað að spyrjast fyrir um hverju það sætti en svör hafi enn ekki borist.

Hinn 14. nóvember sl. hafi viðgerðamaður komið frá fyrirtækinu til þess að reyna að laga klakavélina í ísskápnum sem ekki hafi tekist, en klakavélin hafi bilað fjórum til fimm sinnum. Vélin hafi aðeins verið í lagi fyrstu mánuðina eftir kaupin. Álitsbeiðandi lýsir biluninni svo að vélin hrími og ekki sé hægt að fá úr henni heila klaka, aðeins klakamulning. Þá kemur og fram hjá álitsbeiðanda að hann hafi þurft að þurrka snúningsmótor og pakka honum inn í ull, en þau ráð hafi hann fengið hjá viðgerðamanninum.

Ekki kemur glöggst fram í gögnum málsins hvenær álitsbeiðandi kvartaði fyrst um galla á ísskápnum. Í tölvupósti hans til Neytendasamtakanna segir að hálfu til heilu ári eftir kaupin hafi ísvélin bilað og þá hafi Y bent honum á að hafa sambandi við verkstæði. Þá kveðst álitsbeiðandi hafa hringt í mann að nafni A, sem sýnist vera starfsmaður Y, og hafi hann neitað að lengri ábyrgð en tvö ár væri á raftækjum.

III

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Hinn 21. nóvember sl. ritaði kæruneftndin Z bréf, en álitsbeiðandi leit í upphafi á það fyrirtæki sem gagnaðila. Í bréfi kæruneftndarinnar var fyrirtækinu gefinn kostur á andsvörum. Vegna þess vafa sem lék á því að um réttan gagnaðila væri að ræða ritaði kæruneftndin álitsbeiðanda bréf hinn 7. desember sl. og óskaði nánari upplýsinga um álitaefnið, m.a. um það hvort hann beindi kröfum sínum gegn Y. Í bréfi álitsbeiðanda, dags. 11. desember sl. kom fram að svo væri. Kæruneftndin ritaði því Y bréf þann 12. desember sl. og gaf fyrirtækinu kost á andsvörum fyrir 22. desember sl. Andsvör bárust ekki nefndinni. Hinn 19. janúar sl. var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

IV

Niðurstaða kærunefndarinnar.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur um viðskipti álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. 1 kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 og 1. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup.

Kærunefndin telur ekki vafa leika á því samkvæmt gögnum málsins, sbr. málsatvikalýsingu hér að framan, að ísskápurn sem álitsbeiðandi keypti af Y er og hefur verið gallaður í skilningi a. liðar 1. mgr. 16 gr. laga nr. 48/2003, sbr. 15. gr. sömu laga. Þá galla hefur ekki tekist að lagfæra, þrátt fyrir að það hafi verið reynt. Af gögnum málsins er ekki fyllilega ljóst hvenær X kvartaði fyrst um galla á ísskápnum. Hann segist hafa kvartað við Y í júlí 2006 sem hafi neitað að bera ábyrgð á göllum á ísskápnum og vísað á fyrirtækið Z um viðgerðir. Í málinu hefur verið lagður fram reikningur þess fyrirtækis, dags. 19. júní sl.

Ísskápurn kostaði rúmar 200.000,- kr. þegar hann var keyptur á árinu 2003. Þegar litið er til verðsins sem fyrir ísskápinn var greitt verður að líta svo á að álitsbeiðandi hafi mátt ætla að um hlut væri að ræða sem ætlaður væri langur endingartími. Með þetta í huga telur kærunefndin að kvartanir álitsbeiðanda hafi komið nægjanlega snemma fram í skilningi 27. gr. laga nr. 48/2003. Álitsbeiðanda eru því tæk þau úrræði sem kveðið er á um í 26. gr. laganna. Hann gerir þær kröfur að annað hvort fái hann nýjan ísskáp afhentan eða kaupverðið endurgreitt. Kærunefndin álítur að álitsbeiðandi eigi rétt á öðrum hvorum þessara kosta, sbr. a. og b. lið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 48/2003. Kærunefndin álítur að hæfileg fjárhæð endurgreiðslu sé kr. 200.000,- og er þá tekið tillit til hvort tveggja afnota X af ísskápnum og skyldu seljanda til greiðslu vaxta sbr. 50. gr. laganna. Þá álítur kærunefndin að álitsbeiðandi eigi rétt á því að fá endurgreiddan af Y reikninginn frá Z að fjárhæð kr. 27.950,- samkvæmt ákvæðum 33. gr. laga nr. 48/2003.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Íris Ösp Ingjaldsdóttir